



Sumarstarf Vinnuskólans

Starfsskýrsla – sumarið 2017 fyrir ÍTH nefnd og fræðsluráð

Bára Kristín Þorgeirsdóttir og Geir Bjarnason tóku saman

Október 2017

Inngangur

Markmið Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarstarfsins er að tryggja börnum, unglingum og ungu fólki fjölbreytt sumarverkefni sem nær til allra 13 – 17 ára og ungs fólks 18 ára og eldri.

Meginþorri sumarstarfs Hafnarfjarðarbæjar er rekið af hendi Vinnuskólans og er starfsemin afar fjölbreytt. Vinnuskólinn er fyrir 14 -17 ára unglinga, fjölskyldugarðar fyrir alla bæjarbúa, Tómstund fyrir 4.-7. bekk, sumarvinna fyrir ungmenni 18 ára og eldri sem vinna t.d. hjá íþróttafélögum, slætti, viðhaldsverkefnum, garðyrkju og stofnunum bæjarins. Á fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir 231 milljónum til rekstrarins.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar var starfræktur á tímabilinu 15. maí – 18. ágúst. Skrifstofa Vinnuskóla er að Hrauntungu 5. Þar starfa skólastjóri auk fjögurra annarra starfsmanna sem sjá um daglegan rekstur, samskipti við leiðbeinendur, unglinga í Vinnuskólanum, starfsmenn og foreldra þeirra. Í ár, líkt og í fyrra var öll starfsemi leikjanámskeiða á vegum skólanna. Í höfuðstöðvunum að Hrauntungu er aðstaða fyrir starfsmenn til að sinna skrifstofuvinnu, starfsmenn hafa aðgang að eldhúsi og litlum matsal auk þess eru þar verkfærageymslur.

Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á hvernig til tókst að reka starfsemina sumarið 2017 og vekja athygli á álitamálum og framþróunarverkefnum tengdum sumarstarfinu.

Ráðningar og undirbúningur starfsfólks

Störf flokkstjóra og leiðbeinenda hjá Vinnuskóla voru auglýst til umsóknar snemma í ár og var opnað fyrir umsóknir þann 25. febrúar og var opið fyrir umsóknir til 24. mars. Umsóknarfrestur var samt sem áður framlengdur til 10. apríl vegna þess hvað fáar umsóknir bárust. Enn og aftur var svo tekin sú ákvörðun að framlengja enn meira eða til 18. apríl. Hingað til hefur verið skilyrði að umsækjendur séu búsettir í Hafnarfirði en þar sem fátt fólk sóttist eftir starfi var gerð undantekning á því líkt og í fyrra. Eftir 24. mars hófst vinna við úrvinnslu umsókna sem bárust fyrir þann tíma og svo var unnið áfram að úrvinnslu eftir hvert tímabil sem framlengt var. Í sumar var haldið áfram að taka ráðningarviðtöl við flokkstjóra og þá sem eru í sérhópum eins og Jafningjafræðslu og Listahóp eins og gert hefur verið síðustu sumur. Kröfur voru gerðar varðandi aldur og hæfni sem starfsfólk þyrfti að uppfylla til að geta stýrt sérhópum (sjá aftar í skýrslunni).

Flestir starfsmenn hófu síðan störf í byrjun júní mánaðar. Fyrsta vikan er einkum notuð í undirbúning og fræðslu fyrir starfsfólk. Meðal þess sem tekið var fyrir var skyndihjálpar-, umhverfis- og forvarnafræðsla, samskipti við börn og unglinga, verkstjórn fyrir unga stjórnendur, verkleg kennsla, hópefli, líkamsbeiting o.fl. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk mæti á námskeiðin enda eru þau hluti af starfinu.

313 sumarstarfsmenn eldri en 17 ára voru við störf hjá Vinnuskólanum í sumar. Sumarið 2016 voru starfsmenn Vinnuskólans 318 en rúmlega 400 árið 2015. Samtals bárust 445 umsóknir á móti 450 í fyrra og 600 árið 2015. Af þeim sem ekki voru að vinna í Vinnuskólanum í sumar höfðu 57 fengið vinnu annarsstaðar eða afþökkuðu starf hjá Vinnuskólanum. Ekki náðist í 75 aðila sem sóttu um í Vinnuskólanum þrátt fyrir ítrekaðar úthringingar og tölvupósta.

Tveir starfsmenn sinntu stöðu yfirflokkstjóra líkt og í fyrra og fékk hvor þeirra sitt svæði til að sjá um. Á einu svæði voru t.d. almennir vinnuhópar, sérhópar, íþróttafélög, Tómsundur, Fjölskyldugarðar og fleira. Þetta gerir það að verkum að minna er um akstur og gerði starfið fjölbreyttara en áður.

Við úrvinnslu umsókna var unnið út frá ráðningareglum Vinnuskólans sem voru uppfærðar og samþykktar af Íþróttá- og tómsundanevnd 15. febrúar 2017.

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2017

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2017

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf. Sótt er um sumarstörf á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskóla Hrauntungu 5.

2. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en 1. mars og tekið verði við umsóknum frá 1. mars til 31. mars árið 2017.
3. **Ekki verði tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.**
4. Ráðningartími í flest störfin er um 6- 7 vikur. Fyrir 18 – 20 ára er unnið í um 216 klst., en ca. 4 vikur fyrir 17 ára og starfar sá hópur samtals í um 120 klst. 21 árs og eldri starfa í 264 klst.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumarvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verði til umsagnar skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða umhverfi og framkvæmda við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og umhverfi og framkvæmda ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Öllum umsækjendum verður svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.

Ráðningakerfi

Vinnuskólinn notaðist við nýja ráðningakerfið sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið upp og nefnist H3. Allar umsóknir fóru þar í gegn og í ár líkt og sumarið 2016. Nú var einnig farin sú leið að láta 14- 16 ára sækja þar um líka. Allir starfsmenn voru færðir úr H3 yfir í Vinnustund. sem er vinnustundaskráningakerfi og gekk það mjög vel.

Umsóknarferli unglunga

Auglýstur umsóknarfrestur var frá 2. maí – 15. maí . Til að mæta þörfum foreldra framlengdum við þeim umsóknarfresti en það hafði þær afleiðingar að starfsmenn skrifstofu Vinnuskólans og flokkstjórar höfðu mjög knappan tíma til að raða unglungunum í hópa og setja þau inn í ráðningakerfið sem gerði það að verkum að það skapaðist mikill spenna og starfsfólk þurfti að vinna langt fram eftir og um helgidaga fyrir fyrsta vinnudag unglunganna. Ekki hefur tíðkast að vísa unglungum frá Vinnuskóla þó svo að komið sé fram yfir umsóknarfrest en mikil áhersla er lögð á að virða umsóknarfrest í kynningu á sumarstörfum.

Á umsóknarblöðum í ár líkt og í fyrra var valmöguleiki fyrir unglunga til að sækja um störf í sérhópa sem eru á okkar vegum t.d. Listahóp,- Jafningjafræðslu- og fleira. Þessi breyting var gerð að beiðni Ungmennaráðs til að opna enn frekar ráðningarferlið og gefa öllum tækifæri á að sækja um sérhópa.

Hlutfall og fjöldi unglunga og annarra starfsmanna

Tafla 1 – Fjöldi unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2017

	Fjöldi	Í skólum Hafnarfjarðar	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	285	363	78%
9. bekkur	226	359	63%
10. bekkur	138	320	43%
	649	1042	62%

Tafla 2 – Hlutfall nemenda í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2016

	Fjöldi	Í skólum Hafnarfjarðar	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	257	356	72%
9. bekkur	235	374	73%
10. bekkur	161	391	41%
Samtals	653	1121	63%

Tafla 3 - Fjöldi eldri starfsmanna 2017

Árgangur	Fjöldi
2000	77
1997-1999	134
1996+	102
	318

Vinnustundir og laun unglunga

Vinnutími sumarið 2017 var þannig að ungmenni fædd árið 2003 fengu tækifæri á að starfa í 72 klst. yfir sumarið, ungmenni fædd 2002 fengu að starfa í 92 klst. og ungmenni fædd 2001 fengu að starfa í 112 klst. Þetta var hækkun á tímafjölda þeirra sem fæddir eru árin 2001 og 2002 en í fyrra fengu allir sama tímafjölda eða 72 klst. Mismunandi er á milli sveitarfélaga hvernig þessu er háttað en eins og í Reykjavík þá hefur 8. bekkur misst tækifæri til að vinna í Vinnuskóla. Hinsvegar eru unglungarnir að taka sér frí og því vinnur meðalunglingurinn ekki allan þann tíma sem honum stendur til boða. Fyrir

sumarið var launataxtinn hjá 14 – 16 ára hækkaður um 16% frá fyrra ári og launin því samanburðarhæf við laun unglunga í nágrannasveitarfélögum.

Skipulag vinnunnar var þannig að unglingar á aldrinum 14 til 16 ára unnu allir þrjá tíma á dag fjóra daga vikunnar. Unglingarnir unnu aðra vikuna frá kl. 9:00 – 12:00 og svo hina vikuna frá 13:00 – 16:00. Vinnustundir voru því samtals 12 á viku í 6 vikur. 8. og 9. bekkur gátu svo unnið upp í sína tíma með því að vera einhverja daga allan daginn eða unnið aðeins lengur fram á sumarið Tímabilið í sumar var frá 12. júní – 20. júlí og aðeins lengur fyrir þá sem áttu ennþá tíma

Nokkuð stór hluti af elstu árgöngunum störfuðu hjá þriðja aðila (íþróttafélögum og stofnunum eins og t.d. leikskólum) og í þeim tilfellum var daglegur vinnutími oft annar en þess var gætt að heildarfjöldi vinnustunda færi aldrei yfir leyfilegan tímafjölda hjá unglungunum sem og öðrum starfsmönnum félagana, auk þess var tryggt að verkefni og daglegur vinnutími væri í samræmi við lög og reglur um vinnu barna og unglunga. Nestishlé (kaffitímar) í Vinnuskólanum voru á milli 9:30 og 9:40 fyrir hádegi og 14:30 og 14:40 eftir hádegi.

Tekjumöguleikar unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar 2017

16 ára unglingar voru með 754,59 á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn 91,109 kr.

15 ára unglingar voru með 567,57 kr. á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn rúmlega 57,826 kr.

14 ára unglingar voru með 502,32 á tímann og 10,17% orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn um 39,845 kr.

Almennir vinnuhópar

Hefðbundnir vinnuhópar með unglungum voru 18 talsins. Hóparnir voru í öllum hverfum bæjarins og að venju voru unglingarnir skipaðir í hópa í sínu skólahverfi með sínum skólafélögum. Í sumar voru 13 flokkstjórar sem héldu utan um þessa hópa og var hver flokkstjóri ýmist með einn eða tvo hóp, einn sem kom fyrir hádegi og annar sem mætti eftir hádegi. Þeir sem ekki voru með hóp bæði fyrir og eftir hádegi voru notaðir í forföll þegar þeir voru lausir

Það gekk misvel með hópana og skýrist það að einhverju leiti hversu misjafnir flokkstjórnir voru. Aðeins voru tveir ráðnir inn sem sóttu um á réttum tíma. Yfirflokkstjórar þurftu að nálgast suma flokkstjóra sjálfir og aðrir komu inn í gegnum þá sem voru þegar ráðnir. Það mætti endurskoða vinnufyrirkomulag flokkstjóra til þess að gera starfið að fýsilegri kosti fyrir námsmenn. Fólk í háskóla er oftast búið með skólann snemma í maí en starfið í Vinnuskólanum byrjar ekki hjá flestum fyrr en í byrjun júní. Þar gæti verið skýringin á hvað fáir sækir um þar sem námsmenn vilja trúlega ekki vera launalausir þennan tæpa mánuð áður en starfið byrjar.

Hver hópur vann á ákveðnu svæði og sinntu þeim atriðum sem þurfti að sinna innan svæðisins. Hóparnir unnu mikið af hefðbundinni garðyrkju -, og hreinsunarstöfum. Unglingarnir voru í

beðahreinsun, sanda beð, tyrfa, í ruslahreinsun og margt fleira.

Flokkstjórar leiðbeindu unglingum við verkin og héldu utan um þau verkefni sem fyrir lágu. Yfirflokkstjórar höfðu eftirlit og tryggðu að ávallt væri næg verkefni til staðar fyrir flokkana.

Eins og ávallt var farið yfir verkefni dagsins og næstu daga á daglegum fundum í lok vinnudags sem forstöðumaður og yfirflokkstjórar sátu ásamt yfirmanni þjónustumiðstöðvar og garðyrkjustjóra.

Morgunhópur

Öllum 17 ára var boðinn vinna hjá Vinnuskólanum eins og undanfarinn fjögur ár. Því var ákveðið að halda áfram sama fyrirkomulagi þ.e. að hafa öflugra 17 ára hópa í miðbænum sem vinna frá kl 6:00 – 11:00.

Morgunhópurinn starfar aðeins í miðbænum og í nágrenni hans. Morgunhópurinn sér m.a. um ruslahreinsun, tæma ruslafötur, halda tjörnum hreinum og halda við helstu beðum miðbæjarins. Þessi hópur er ómissandi og er greinilegur munur á því hvort hann er að störfum eða ekki. Það mætti vel skoða það fyrir næsta sumar að hafa hann starfandi líka á laugardögum þar sem mikið rusl safnast saman í miðbænum um helgar.

Fjölskyldugarðar Hafnarfjarðar

Í sumar var fyrsta sumarið sem við buðum upp á Fjölskyldugarða. Skólagarðarnir eins og flestir þekkjja þá voru lagðir niður en þeir hafa verið á fimm stöðum síðastliðin ár. Í ár voru í staðinn Fjölskyldugarðar efst á Öldugötu og á Víðistöðum þ.e. tveim stöðum. Þetta lagðist afar vel í fólk og uppselt varð í garðana á Öldugötu og nánast fullt á Víðistöðum. 63 garðar voru á Öldugötu en 75 á Víðistöðum og voru 67 nýttir af þessum 75. Garðarnir voru stærri núna en áður og voru í raun of stórir fyrir meðalfjölskyldu og mætti minnka þá aftur og bjóða þá upp á fleiri garða. Skipt var um jarðveg á Öldugötu og bætt í auka mold á Víðistöðum og reynslan í sumar var sú að það þarf að gera jarðvegsskipti á Víðistöðum fyrir næsta sumar þar sem mjög mikill arfi myndaðist þar. 5000 kr.



kostaði að leigja garð og innifalið í því verði voru tveir garðar, jarðvegsdúkur, eitrun fyrir þá sem vildu og forræktað grænmeti í annan garðinn, í hinn útveguðu leigjendur sjálfir það grænmeti sem þeir vildu. Flestir kusu að hafa það kartöflur en annars var það fjölbreytt. Það grænmeti sem var innifalið var 5 stk gulrófur, 5 stk. blómkál, 7 stk. spergilkál, 4 stk hvítkál, 2 stk. hnúðkál, 2 stk. grænkál, 2 stk. steinseljur, 8 stk. gulrætur, 2 stk. klettasalat og 1 stk. mynta.

Viðtökurnar við þessu nýja fyrirkomulagi (Fjölskyldugarðar) hafa verið mjög góðar og fólk mjög ánægt. Uppskeran var góð í sumar en blómkálið var mjög seinsprottið. Einhverjir keyptu blómkál aukalega og settu í garðana og var það mun fyrr að þroskast heldur en það sem að við vorum að bjóða upp á. En á heildina litið tókst þetta mjög vel.

Steinseljan blómstraði fljótt og talaði starfsfólkið sem hafði starfað í skólagörðunum árið áður að yrkið hefði ekki verið nógu skemmtilegt, vildu sjá fingerðari steinselju. Í ár voru keyptar inn langar gulrætur og komu þær mjög vel út.

Prófað var að gefa auka áburðargjöf í grænmetisgarða um mitt sumar, aðallega í kringum blómkál og Spergilkál og virtist það gefa góða raun.

Tafla 4 - Fjöldi seldra garða 2017

Víðistaðartún	67
Öldugata	63
Samtals	130

Fjöldi seldra garða 2016

Víðistaðartún	27
Setberg	48
Hvaleyrarholt	12
Vellir	16
við Öldutún	28
Samtals	131

Leikjanámskeið

Rekstur leikjanámskeiða var í sumar, líkt og í fyrrasumar á vegum skólanna. Einstaka starfsmenn voru frá Vinnuskólanum en megin þorri starfsmanna leikjanámskeiða voru starfsmenn úr frístundaheimilum.

Tómstund

Tómstund heldur úti námskeiðum á sumrin fyrir börn sem eru að ljúka 4.-7. Bekk. Helstu markmið Tómsundar eru að virkja börn í sumarfríinu, gefa þeim tækifæri á að hitta önnur börn, kynnast áhugaverðum viðfangsefnum og endurvekja gömul áhugamál.

Í ár var Tómsund á tveimur stöðum þ.e. Öldutúnsskóla og Víðistaðaskóla. Fyrirkomulagið var með svipuðu móti og síðustu ár. Ópið var frá kl. 9-12 og 13-16. Lokað var í hádeginu til að byrja með en að ósk foreldra var það endurskoðað þegar tímabilið var hálfnað og skiptust starfsmenn þá á að vinna milli 12:00 og 13:00 svo að börnin gætu borðað nestið sitt á staðnum. Tómsund var skipt í tvö tímabil, tvær vikur í senn. Oftast voru 3 námskeið fyrir hádegi og 3 námskeið eftir hádegi og reynt var eftir fremsta megni að hafa sem fjölbreyttustu námskeið á hverjum tíma.

Flest námskeið voru þau sömu og í fyrra enda gengu þau vel fyrir sig. Einnig var komið með nýjungar inn eins og t.d. þrautir (minute to win it), öðruvísi íþróttir stensla og tie dye svo eitthvað sé nefnt Tómsund gekk almennt mjög vel fyrir sig í sumar og almenn ánægja var hjá krökkunum og foreldrum. Áberandi var þó hvað lítil aðsókn var á seinna tímabilið en þar mættu 15 börn í Öldutúnsskóla af 25 skráðum og 20 í Víðistaðaskóla af 23 skráðum.

Tafla 5 – Fjöldi barna í Tómsund eftir starfstöðum

2017	
Tómsund Öldutúnsskóla	73
Tómsund Víðistaðarskóla	90

2016	
Tómsund Öldutúnsskóla	109
Tómsund Víðistaðarskóla	83

Þjónustusamningar við Íþróttafélög

Þjónustusamningar við öll félög sem fá úthlutað starfsmönnum á vegum Vinnuskólans voru endurnýjaðir og undirskrifaðir í sumar. Ástæðan fyrir því að sú ákvörðun var tekin er að tryggja að allir starfsmenn á vegum Vinnuskólans séu með sömu réttindi og skyldur til námskeiðahalds, tryggingamála, tímakvóta og svo framvegis. Einnig er mjög jákvæð þróun að hafa alla þessa samninga upp á borðinu.

Ákvörðun um tímamagn til íþróttafélaga er endurskoðuð á hverju ári með hliðsjónar til fjárhagsáætlunar. Íþróttafélögin fengu 3% hækkun á tímafjölda unglunga í ár.

Róló á Smyrlahrauni

Róló var staðsettur á sama stað og í fyrra, við Smyrlahraun. Aðstaðan þar er góð fyrir þessa starfsemi en auka mætti við leiktækjum og leikföngum..

Opið var frá kl. 9:00 – 12:00 og 13:00 – 16:00. Klippikort var hægt að kaupa í gegnum „mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is bæði var hægt að kaupa 5 skipti og 10 skipti. Aðstaðan var ágæt en hefði mátt vera betri salernisaðstaða. Ekki er inniaðstaða önnur en sú að fara á salernið og geyma töskur og tylla sér aðeins á bekk. Boðið var upp á



ávexti eða grænmeti í millimál en ekki var leyfilegt að vera með nesti þar sem ofnæmi og óþol eru að verða algengari. Róló er hugsaður sem eins til tveggja tíma afþreying fyrir yngstu börnin meðan leikskólarnir eru lokaðir. Róló var opinn frá 12. júlí – 9. ágúst. Svipuð aðsókn var í ár eins og síðastliðið sumar en þó aðeins minni.

Gerð var lítil könnun meðal notenda um þjónustuna á Róló. Notendur vilja greinilega að aðstaðan verði betri, þeir voru ánægðir með þjónustuna og telja að þessi þjónusta sé nauðsynleg.

Tafla 6 - Aðsókn á Róló

Róló 2017	
5 skipta kort	43
10 skipta kort	48

Róló 2016	
5 skipta kort	59
10 skipta kort	52

Verkfærageymslur

Líkt og síðustu sumur var samstarf við Umhverfis- og skipulagssviðið um að fá aðgang að geymslum eða ákveðnum svæðum til að geyma verkfæri vegna mikillar rýrnunar síðustu ára. Það samstarf hélt áfram og gekk virkilega vel og fengum við geymslustað í öllum skólum bæjarins. Þetta gerði það að

verkum að töluvert minna af verkfærum og vestum týndust eða skemmdust. Einnig fengu vinnuhópar að fara inn á leikjanámskeiðin ef veðrið var vont til að borða nesti og fara á klósett. Mikilvægt er að þetta haldist á næsta ári.

Samstarf við Umhverfis- og skipulagssvið

Í sumar fóru allar ráðningar í gegnum Vinnuskólann á sumarstarfsfólki. Þannig fóru allar umsóknir í gegnum sama kerfi. Vinnuskólinn flokkaði og hélt utan um allar umsóknir fyrir Garðyrkjustjóra og íþróttafélög. Með þessu fara allir sömu leið og fá sömu launakjör, sama vinnumagn og yfirsýn yfir ráðningar eru á einni hendi.

Unnið var með Umhverfis- og skipulagssviði að því að fara yfir helstu verkefni sumarsins. og þeim forgangsraðað eftir mikilvægi því að það kemur iðulega upp á að ekki næst að klára öll verkefni sumarsins sem Vinnuskólanum er falið að sjá um. Í ár sá Vinnuskólinn alfarið um laun starfsmanna sláttur- viðhalds- og blómahóps og var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun Vinnuskólans.



Sérhópar

Hellisgerðishópur

Þetta var samstarfsverkefni Vinnuskólans og Garðyrkjustjóra líkt og síðastliðið sumar. Þarna voru þrír til fimm starfsmenn í fullri vinnu sem sinntu almennu viðhaldi á Hellisgerði. Þetta gekk ekki vel framan af sumri en við mannabreytingar um mitt sumar sást mikill munur og skiljum við sátt við Hellisgerði í lok sumars. Þarna hjálpaði mikið aukin afskipti garðyrkjustjórans af Hellisgerði. Það er mjög mikilvægt að þetta verkefni muni halda áfram næstu ár enda mikið um það að Hafnfirðingar og ferðamenn eigi góðar stundir í garðinum.

Competó – Jafningjafræðsla

Í jafningjafræðslunni starfa 8-10 ungmenni á aldrinum 16 - 17 ára við að fræða starfsmenn Vinnuskólans um ýmis málefni. Hugtakið jafningjafræðsla er í þessu tilfelli ungur fræðir ungan. Markmið fræðslunnar er ekki að kenna krökkum heldur einungis að fræða þau og geta fræðarar lært jafn mikið af krökkunum og þau geta lært af þeim. Umræðuefni hópsins í ár var: Fordómar, hinsegin málefni og sjálfsmynd. Þar sem ungmennin voru að fara að fræða aðra um þessi ákveðnu málefni þurftu þau að vita ýmislegt um þau, þess vegna var fyrsta vinnuvikan hálfgerð fræðsluvika þar sem þau fóru í fræðslu sem tengjast þessum málefnum.

Í heimsókn komu Sólveig Rós frá Samtökunum 78, Jolene frá Jafnréttishúsinu með fræðslu um fordóma og innflytjendur og síðan voru Hekla, Aron og Kristinn (Flokkstjórnir í Jafningjafræðslunni) með fræðslu um sjálfsmynd og einnig til að segja þeim við hverju þau áttu að búast og hvernig á að bregðast við mismunandi aðstæðum. Það var mjög auðvelt fyrir flokkstjórana að leiðbeina hópnum þar sem þeir hafa unnið í Jafningjafræðslunni áður. Í fyrstu fræðslu voru krakkarnir svolítið óöruggir og leituðu til flokkstjóranna til þess að tala fyrir sig. Flokkstjórnir gerðu það að sjálfsgöðu og sýndu þeim hvernig fræðslan átti að fara fram. Í fyrstu viku sá svo hópurinn aleinn um fræðsluna á meðan flokkstjórnir sátu inni og punktuðum niður það sem betur mátti fara og hvað var að virka vel. Síðan var farið yfir þá punkta með hópnum eftir fræðsluna og þau lagfærðu það, sem laga þurfti. Eftir hverja fræðslu var gerð nafnlaus skoðunarkönnun og niðurstöðurnar voru í heildina mjög góðar. Í byrjun júlí var Sumarhátíð ÍTH og þar var Jafningjafræðslan með leiki fyrir krakka. Þau fóru í marga leiki með krökkunum og myndaðist virkilega góður hópur í kringum þau.

Hafnarfjarðarbær tók aftur þátt í Gleðigöngunni í ár og gekk það mjög vel. Slagorðið var: Ég er. Hugmyndin á bak við slagorðið er sú að hver og einn einstaklingur er manneskja og þarf sem slík ekki

að skilgreina kyn sitt, kynvitund eða kynhneigð heldur einfaldlega að vera. Slagorðið er opið og til þess fallið að ná til allra. Það færir á sama tíma góðan boðskap, fagnar fjölbreytileikanum og hvetur fólk til að vera það sjálft á eigin forsendum. Notaður var sami bíll og í fyrra og flokkstjórar Jafningjafræðslunnar, í sameiningu við Hafnarfjarðarbæ létu prenta borða og boli með slagorðinu sem var í bleikum lit í grunninn og með grænum stöfum. Allir voru litríkir og fallegir. Bíllinn var einnig skreyttur með táknrænum brosköllum úr pappa sem samsvara slagorðinu okkar. Broskallarnir voru í öllum regnbogalitum sem flokkstjórar Jafningjafræðslunnar klipptu út úr afgangi pappa úr vinnuskólanum og máluðu síðan. Ungmennin úr jafningjafræðslunni, skapandi sumarstörfum og listahópnum voru fengin til að hjálpa við að skreyta bílinn og að dansa uppi á pallbílnum á meðan á göngunni stóð. Viðtökurnar voru frábærar, bæði í göngunni og eftir hana.



Skapandi sumarstörf

Í sumar var hægt að sækja um sérverkefni tengt listviðburðum. Að þessu sinni var einn hópur valinn til að sinna þessu verkefni. Hann samanstóð af þremur stelpum og skemmtu þær vegfarendum með ýmsum gjörningum í miðbænum og víða voru þær með gjörninga Þessir hópur fékk frjálsar hendur en gátu leitað til yfirflokkstjóra og skrifstofu Vinnuskólans og svo fylgdust yfirflokkstjórar alltaf með því að allt gengi eins og ætlað var. - Það er okkar mat að þetta verkefni gefst vel og setur góðan lit á bæinn. Því munum við reyna að halda því áfram um ókomin ár.

Grænfáni - umhverfismál

Í fyrrasumar fékk Vinnuskólinn afhentan Grænfánann við mikla athöfn. Honum var flaggað í byrjun sumars og er afrakstur þeirrar vinnu sem Vinnuskólinn og umhverfishópurinn var með sumarið 2015. Í sumar var haldið áfram að flokka og auka meðvitund ungmenna og starfsmanna um mikilvægi þess að flokka og huga vel að okkar nærumhverfi. Ekki var sérstakur umhverfishópur að störfum en reynt var eftir fremsta megni að halda upp öllum þeim umhverfissjónarmiðum sem við höfum sett okkur. Næsta sumar þarf að sækja um grænfána aftur því hann er endurnýjaður á tveggja ára fresti. Þá verður nauðsynlegt að vera með umhverfishóp eða manneskju sem vinnur ferlið að nýju.



Listahópur

Listahópur vinnuskólans hefur á undanförunum árum orðið mikilvægur þáttur af menningarlífi Hafnarfjarðar. Hann hefur stutt við bakið á ungum listamönnum í þeirra fyrstu skrefum í listum, blásið lífi í miðbæinn og tamið meðlimum þess jákvæð og vönduð vinnubrögð. Í sumar líkt og síðustu sumur sinnti hópurinn nokkrum skylduverkefnum. Móttaka skemmtiferðaskipa, skemmtiatriði á Þjóðhátíðardaginn og skemmtun á hátíðum bæjarins voru á meðal þeirra verkefna sem hópurinn tók að sér. Þessi verkefni gengu öll mjög vel en atriðið á 17. júní var með styttra móti sökum tímaskorts. Hins vegar var það notað áfram og bætt við það eftir því sem leið á sumarið. Hópurinn var með frumsamda dansa við þekkt lög sem þau gerðu að syrpu sem varði í 8-9 mínútur Atriðið var sýnt víða t.d. í Suðurbæjalaug, Hrafnistu, leikskólum, Firði, og svo fyrir fólkið í skemmtiferðaskipunum. Taka skal fram að hópurinn hafði ávalt leyfi frá viðkomandi stofnunum til að koma og sýna atriðið og fékk hann allstaðar frábærar viðtökur. Lögð var mikil áhersla á að hópurinn ynni vel saman og öllum liði vel, því er mikilvægt fyrir Leiðbeinendur að temja sér jákvæðni og umburðalindi í starfi ásamt því að halda aga.

17. júní

Aðkoma Vinnuskólans að framkvæmd og skipulagi 17. júní er töluverð. Helstu verkefni eru starfsmannahald og undirbúningur á uppsetningu hátíðar og lokunum í bænum. Forstöðumaður og Rekstrarstjóri Vinnuskólans sitja í framkvæmdarnefnd 17. júní.



Verkherinn

Nú í sumar var í sjötta sinn starfrækt atvinnutengt frístundaúrræði fyrir ungmenni með fatlanir 16-20 ára á vegum Hafnarfjarðarbæjar í Húsinu. Starfið gengur undir nafninu „Verkherinn“. Markmið starfsins var tvíþætt en annars vegar fengu ungmennin tækifæri til þess að spreyta sig við hin ýmsu störf með þeim stuðningi sem hver og einn þarfnaðist og hins vegar að efla og ýta undir félagsleg tengsl þeirra á milli og út í samfélagið.

Í sumar tók Verkherinn enn og aftur á móti ungmennum á aldrinum 15-16 ára, það var gert að ósk Vinnuskólans og félagsþjónustunnar. Þetta voru ungmenni sem þössuðu ekki í önnur úrræði hjá Vinnuskólanum. Verkherinn hóf sumarið með átta vinnustaði og eitt sérverkefni við kvikmyndagerð um afþreyingu í Hafnarfjarðarbæ. Einnig voru nokkur verkefni í Húsinu (ungmennahúsi) þar sem margt var tekið í gegn, eins og borð, pallur, grindverk málað af stórum hluta, panell að innan og margt fleira.

Frístundaúrræði eftir hádegi var misvel sótt og gjarnan af þeim sömu. Aukning var þó frá því í fyrra og ungmennin ánægð í húsinu.

Sú hugmynd kom upp í fyrra að lengja tímabil og vinnustundir úrræðisins. Þetta sumarið náði það fram að ganga og tímafjöldi eldri hópsins fór úr 120 klst í 160 klst.

Einnig var opið í 10 vikur í stað 8 vikna og bauðst því yngri hópnum að vinna 6 vikur eða 120 klst á þessu 10 vikna tímabili og þeim eldri að vinna 8 vikur eða 160 klst á þessum 10 vikum, teljum við þetta mikilvægt skref í að mæta væntingum og þörfum einstaklingana.

Tafla 7 - Verkherinn

Verkherinn	Sumar 2013	Sumar 2014	Sumar 2015	Sumar 2016	Sumar 2017
Fjöldi notenda	19	17	21	25	23
Fjöldi notenda sem eru Hafnirðingar	18	17	20	23	19
Meðalfjöldi þjónustunotenda á dag	10-14	13-14	13-16	16-18	16-18
Tímalengd úrræðis	8 vikur	8 vikur	8 vikur	10 vikur	10 vikur
Fjöldi starfsmanna	7	7-8	9	9	10
Fjöldi stöðugilda	7	7	7	9	10

Sumarhátíð Vinnuskólans

Sumarhátíðin var haldin, líkt og í fyrra á Víðistaðartúni í byrjun júlí. Sumarhátíðin er aðallega ætluð leikjanámskeiðum og almennum vinnuhópum Vinnuskólans þar sem þeim gefst ekki kostur á að taka þátt í viðburðum sem íþróttafélögin og sérstakir vinnustaðir halda fyrir sitt starfsfólk. Á Sumarhátíðina eru samt allir velkomnir sem tengjast sumarstarfinu t.d. almennir vinnuhópar, leikjanámskeið, íþróttafélög, flokkstjórar og sérhópar þó er ekki hægt að ætlast til þess að íþróttafélögin, skógræktin og aðrir sérstaðir megi missa sitt fólk til að fara á Sumarhátíðina. Ákveðið var að hafa hana með svipuðu sniði og í fyrrasumar þar sem hún þóttist takast einstaklega vel og ekki var hún síðri þetta árið. Sett var upp risa vatnsrennibraut og vatnsbíl frá Þjónustumiðstöðinni fenginn að láni til að dæla vatni niður brautina og svo helstu starfsmenn sápu á brautina til að gera þetta enn skemmtilegra og hraðara. Einnig fengu gestir grillaðar pylsur og safa. Þessi dagur heppnaðist einstaklega vel og fannst okkur staðsetningin á Víðistaðartúni afar heppileg.



Aðkoma Vinnuskólans að móttöku skemmtiferðaskipa

Vinnuskólinn kom í sumar, líkt og fyrri sumur, að móttöku skemmtiferðaskipa sem komu til Hafnarfjarðar. . Starfsmenn Vinnuskólans söfnuðu fjölda hraunmola sem pakkaðir voru inn í strigapoka. Upplýsingamiði á fjölmörgum tungumálum var svo festur við pokanna. Allir farþegar fengu þennan mola að gjöf og stór hluti áhafnannar einnig. Listahópurinn tók á móti farþegum með dans- og leiksýningum á hafnarbakkanum sem farþegar voru ánægðir með.

Samvinna og samstarf Vinnuskólans við Hafnarfjarðarhöfn hefur verið með miklum ágætum og gengu móttökunnar vel. Að sögn hafnarstjóra, hjálpar þátttaka Vinnuskólans verulega við að draga skipin til Hafnarfjarðar.

Til framtíðar

Fjölskyldugarðar

Tveir eldri starfsmenn voru í hvorum garði og það er trúlega bara of mikið. Það var mjög rólegt hjá starfsmönnum í sumar. Það var mest að gera í byrjun sumars þegar var verið að úthluta gördum og grænmeti. En þar sem að meirihlutinn leigjenda er fullorðið fólk þá var það ekki mikið að nýta sér aðstoð hjá starfsmönnum en það voru þó einhverjir sem að fannst gott að fá aðstoð hjá starfsmönnum. Fólk var mikið að koma seinnipartinn, kvöldin eða um helgar í garðana. Sumir áttu erfitt með að komast í byrjun sumars og nálgast grænmetið þar sem að það var við vinnu. Því var sendur póstur á leigjendur og þeir látnir vita að þeir gætu tekið frá garð og grænmeti með því að hringja í starfsmenn garðanna. Það má alveg íhuga að hafa opið fyrstu helgina í júní á næsta ári svo að það sé auðveldara fyrir fólk að koma og setja niður grænmetið sem fyrst.

Gleðigangan

Skoða má hvernig er ætlast til þess að Vinnuskólinn (Jafningjafræðslan) komi að Gleðigöngunni. Upphaflega var óskað eftir að þau yrðu með skemmtiatriði á pallbílum. Í fyrra var svo bætt í og þau látni skreyta og bera ábyrgð á skreytingum á bílnum og nú í ár virtist ábyrgðin nánast alfarið þeirra fyrir utan skráninguna í gönguna sjálfa og panta borða. Redda þurfti bílstjóra nánast samdægurs en endað var á að kaupa verktaka í það starf. Lagt er til að hlutverk hópsins sé skýrt og ljóst í upphafi sumars.

Aukning fjármagns

Síðustu ár hefur lítið verið sett af fjármagni til kaupa á nýjum hjólbörum, verkfærum og öðrum rekstravörum sem komnar eru vel til ára sinna. Á næstu tveimur árum er mikilvægt að fara í að endurnýja þennan búnað sem Vinnuskólinn á. Einnig þurfum við að uppfæra ákveðin verkfæri þar sem stefnt er á að hafa sem mest af standandi verkfærum hjá Vinnuskólum landsins.

Vinnutími skólastjórans

Skólastjóri Vinnuskólans starfar í um 4 mánuði á ári eða frá lok apríl fram í ágúst. Rekstrarstjóri Vinnuskólans starfar við undirbúning á veturna sem tengist starfseminni. Rekstrarstjóri sinnir auk þess fjölmörgum öðrum verkefnum sem mörg hafa forgang og því tekst stundum ekki vel að sinna undirbúningi eins og eðlilegt væri. Í Kópavogi er skólastjóri starfandi allt árið. Að mati skýrsluhöfunda þarf að bæta hér í vinnutíma skólastjórans. Ljóst er að starfstími sjálfs Vinnuskólans hefur lengst en þar er starfsemi frá miðjum maí út ágúst mánuð. Því er það mat okkar að lengja starfstíma skólastjóra Vinnuskólans um 2 mánuði sem munu fyrst og fremst nýtast við undirbúning á starfsemi stærsta vinnustaðar Hafnarfjarðarbæjar á sumrin.

Húsnæði Vinnuskólans

Skýra þarf hvert framhald verður varðandi húsnæðismál Vinnuskólans. Fyrirliggur að hætta að nýta húsnæðið að Hrauntungu 5. Starfsemin þarf að hafa pláss fyrir tvær skrifstofur, verkfæralager og aðgang að eldhúsi.

Viðhaldshópar og Vinnuskóli

Síðustu ár hefur Vinnuskóli séð um ráðningar í bæði Vinnuskóla og önnur sumarstörf sem eru á vegum Þjónustumiðstöðvar eins og viðhalds-, sláttur- og blómahóps. Í ár bættist við launaliðurinn fyrir þessa hópa en hingað til hafa launin farið í gegnum Þjónustumiðstöðina. Í ár var mikið af nýju starfsfólki þ.e. yfirflokkestjórar og Garðyrkjustjóri og oft var óljóst hvað tilheyrði hverjum stað í rekstri. Það þarf að vera alveg skýrt hvaða kostnaður vegna áhaldakaupa ofl. fer á Vinnuskólann og hvað fer á Þjónustumiðstöðina. Rekstur þessara verkefna hefur verið unnin í samvinnu stjórnendur og gengið vel að öðru leiti.

Lokaorð

Sumarstarfið gekk afar vel árið 2017 að mati stjórnenda þrátt fyrir að mun færri umsóknir bárust. Lykilmaður Vinnuskólans var í veikindafríi yfir tímabilið og ekki var ráðið í hans stað. Því var töluvert meira álag á starfsfólki Vinnuskólans en síðustu sumur.

Ungmennaráð hefur bent að á að ungt fólk kunni ekki að lesa launaseðla. Íþrótt- og tólmstundanevnd hefur því óskað eftir því að á næsta ári gefist nemendum úr 8.- 10. bekk í Vinnuskólanum tækifæri á að fá fræðslu um launaseðla og laun almennt.

Mörg ný verkefni fóru af stað og önnur þróuðust til betri vegar. Það sem við stjórnendur leggjum mikla áherslu á það að fjölgun tíma muni eiga sér stað fyrir næsta sumar, og hækkan launataxta. Einnig til að vera meira í takt við almenna vinnumarkaðinn. Unglingarnir bera minni virðingu fyrir starfinu enda sjá þau lítinn ávöxt af starfinu miðað við nágrannasveitafélögin þrátt fyrir að taxtinn hafi verið hækkaður í sumar. Þetta er eitthvað sem sveitafélagið verður að bregðast við.

Hafnarfirði 17. október 2017.

Bára Kristín Þorgeirsdóttir forstöðumaður Vinnuskólans

Geir Bjarnason íþrótt- og tólmstundafulltrúi